

Eco-Garden ehf.  
Lambhagavegur 9  
110 Reykjavík

Reykjavík, 11. september 2024  
UST202405-123/K.S.G.  
07.07.02

### **Niðurstaða eftirlits - Plöntuverndarvörur á markaði - Kröfur um úrbætur**

Umhverfisstofnun vísar til bréfs dagsett þann 22.5.2024 þar sem tilkynnt var um eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram 22.5.2024.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi og merkingar, sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 544/2015, reglugerð nr. 677/2021 og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Plöntuverndarvaran Mizuki sem féll undir umfang eftirlitsins, var skoðuð hjá fyrirtækinu og uppfyllti ekki kröfur sem settar eru fram í gildandi lögum og reglugerðum. Frávik frá gildandi reglum, sem fram komu í eftirlitinu, eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um markaðsleyfi og merkingar, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 32. gr.

### **Umhverfisstofnun veitir Eco-Garden ehf. frest til 2.10.2024 til að senda stofnuninni:**

- **Staðfestingu (kvittun frá viðurkenndri móttökustöð) á að fyrirliggjandi vörubirgðum af Mizuki hafi verið fargað.**

**Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málsnúmerinu UST202405-123.**

### **Fyrirliggjandi vörubirgðir af vörunni Mizuki er óheimilt að markaðssetja miðað við núverandi stöðu.**

Umhverfisstofnun veitir Eco-Garden ehf. hér með frest til 2.10.2024 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða

birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmunum sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 2.10.2024.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 38 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á [vefsíðu Umhverfisstofnunar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið [kristin.s.gudlaugsdottir@ust.is](mailto:kristin.s.gudlaugsdottir@ust.is) til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllt

Kristín Silja Guðlaugsdóttir,  
**sérfræðingur**

Hafdís Inga Ingvarsdóttir  
**sérfræðingur**

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla